

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1663
komudagur 25.4.2014

Varðandi: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, þingskjal 697- 378. mál.

Í ofanefndu framvarpi er fjallað um :

1. Breytingu á starfsheitinu áfengis- og vímuvarnararáðgjafi yfir í áfengis- og vímuefnaráðgjafi
2. Aldursmörk heilbrigðisstarfsmanna, sem starfa á eigin starfstofu
3. Gjaldtöku vegna meðferðar og afgreiðslu á mati á starsfréttindi heilbrigðisstarfsmanna frá EES svæðinu til samræmis við þá sem búa utan svæðisins og sækja um starfsréttindi á Íslandi.

Hvað tillögu no. 1 og 3 varðar eru þær auðskildar og samræmingaratriði. Um breytingu á hækkun aldursmarka þeirra heilbrigðisstarfsmanna, sem starfa sjálfstætt, gegnir hins vegar öðru máli. Þó að í þessari tillögu sé talað um heilbrigðisstarfsmenn er strax ljóst af stuttum lestri að átt er við lækna og ekki aðrar starfstéttir. Kemur þar til tilvitnanir í áður gildandi læknaög og fl. Rökstuðningurinn fyrir breytingunni er að verið sé að samræma lögin við „gildandi reglur sem gilda í nágrannaríkjunum“ eins og segir í fylgiskjali. Þá er það tekið fram að núverandi lög takamarki atvinnufrelsi heilbrigðisstarfsmanna. Hverjar eru þá reglurnar í nágrannaríkjunum? Þær hefðu að sjálfsögðu átt að fylgja með frumvarpinu til frekari skýringa. Nær óþekkt er á Norðurlöndunum að lækna séu í klínísku starfi innan ríkisrekinnar heilbrigðisþjónustu eftir sjötugt. Í Svíþjóð hafa flestir lækna hætt störfum 65 ára gamlir vegna aldurs. Hví ætti annað að gilda um svokallaða sjálfstætt starfandi lækna? Hugmyndin er sem sé að lækna geti starfað á eigin stofu til 75 ára aldurs áður en þeir sækir um til landlæknis að fá að starfa áfram og er það hækkun á núverandi aldursmörkum um heil 5 ár. Eftir það þá skal mögulegt að fá starfsleyfi framlengt, fyrst um heil 3 ár og síðan um 1 ár í senn. Hver er tilgangurinn með því að hækka starfsaldur lækni enn frekar á meðan almennir starfsmenn ríkisins hætta sjötugir? Margir lækna hafa um sjötugt skilað starfsæfi sem er mun lengri en flestra annarra starfsstétta vegna langs vinnudags og vaktabyrðar. Nær væri að festa í sessi að heilbrigðisstarfsmenn og þar með lækna starfi ekki lengur en að sjötugu sem ábyrgir stjórnendur eða sjálfstætt starfandi. Eftir það starfi þeir á ábyrgð og undir stjórn annarra í klínísku starfi en þó alls ekki lengur en til 75 ára aldurs. Með því er tryggt betra og skilvirkara eftirlit með störfum þeirra. Hugmyndin um starfshæfnisvottorð er slæm og óframkvæmanleg. Hver myndi skrifa slíkt vottorð? Hvað yrði metið og hvernig? Felst í gerð slíks vottorðs almenn læknisskoðun, mat á sjón, heyrn, dómgreind, vitrænni getu og verklegri o. s. f. Þá stingur mjög í augu að umsókn um framlengingu á starfsleyfi skuli eiga að fylgja upplýsingar um tegund og umfang starfsemi undanfarinna 5 ára. Engu líkara er en að draugar fiskveiðistjórnunarkerfisins (sbr. veiðireynsla) séu þarna afturgengnir. Því er haldið fram í fylgiskjali að breytingin muni hafa lítills háttar áhrif á störf embættis landlæknis vegna eftirlits. Þessi fullyrðing er órökstudd og á móti verður að spyrja hvaða forsendur Embætti landlæknis hafi til til að meta umsókn um framlengingu á starfsleyfi á fullnægjandi hátt.

Ekki varður annað skilið af þessum hluta frumvarps til laga, sem fjallar um hækkun á starfsaldursmörkum heilbrigðisstarfsmanna (lækna), að löggjafinn sé undir þrýstingi frá hagsmunasamtökum lækna; þ. e. þeim hluta sem stundar sjálfstæðan stofurekstur og hefur framfæri

sitt af af að veita heilbrigðisþjónustu þar sem ríkið er kaupandin. Sé horft til þess hvar skortur er helst á læknum þá er það innan ríkisgeirans, ekki síst í heilsugæslunni. Innan einkageirans er hins vegar nægt framboð af þjónustu en með örfáum undantekningum.

Það er skoðun undirritaðs að það þjóni ekki góðri heilbrigðisþjónustu og þar með ekki öryggi sjúklinga að hækka aldursmörk þeirra lækna sem starfa sjálfstætt í klínísku starfi. Hvatt er til að núverandi ákvæði laga um aldursmörk standi og því bætt við að að lækna sem og aðrir heilbrigðisstarfsmenn starfi alfarið undir stjórn og á ábyrgð annara lækna eftir sjötugt og að við 75 ára aldur í síðasta lagi falli starfsleyfi niður.

Virðingarfyllt.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar Heilbrigðisstofnar Vesturlands.

Þórir Bergmundsson framkvæmdastjóri lækninga og rekstrart.